



FUNDARGERÐ

8. fundur Húsakynna bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3, fimmtudaginn 11. apríl 2024
og hófst hann kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Þórunn Dís Þórunnardóttir, Þröstur Sigurðsson, Helga Björg Helgadóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Tómas Haukur Tómasson, embættismaður.

Dagskrá:

1. Húsrymisáætlun-Frumdrög - 2310065

Birgir Teitsson kynnir afrakstur vinnu við undirbúning nýrra frumdraga húsnæðismála Grunn- og Leikskóla á Laugalandi.

Birgir Teitsson mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Birgir Teitsson kynnti vinnu sem þau Eyrún Stefánsdóttir hafa unnið með stjórnendum skóla og leikskóla varðandi nýtingu húsnæðis ásamt að áætla stækkun sem ætlað er að þurfi til að skóla- og leikskólastarf geti þróast til framtíðar.

Kallar þetta á tilfærslu á þjónustu sem nú er til staðar í húsnæði og framkvæmdir til að bæta við einni deild á Leikskólanum Laugalandi og til að bæta við kennslurými fyrir Grunnskólann Laugalandi. Lagt er til að farið verði í nauðsynlegan undirbúning og framkvæmdir til að skóla- og leikskólastarf megi vera með eðlilegum hætti næsta haust. Lagt er upp með að nýta bókasafnsrymi fyrir kennslurými. Skrifstofuaðstaða Ásahrepps undir nýja deild leikskóla. Jafnframt verður unnið að breytingu á skólastjórabústað svo hann nýtist sem skrifstofu og fundaraðstaða. Einnig skal aðlaga efstu hæð gömlu skólabyggingar að skólastarfi. Sveitarstjórum er falið að ræða við FSRE um eignarhald þeirra eigna sem ekki er komið í eigu Húsakynna.

Fostöðumanni Eigna- og framkvæmdasviðs er falið að halda áfram undirbúningsvinnu með áætlun um tímalínu og kostnað á annarsvegar 1. áfanga ásamt heildarverkefni. Stefnt er að því að halda kynningarfund fyrir íbúa þegar þessari vinnu er lokið.

Samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur Húsakynna 2023 - 2404119


Ársreikningur Húsakynna lagður fram til staðfestingar.

Klara Viðarsdóttir kom á fundinn og kynnti ársreikn.

Kynntur var endurskoðaður ársreikningur Húsakynna bs. fyrir árið 2023. Fjárfesting ársins var um 4,8 mkr.


Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.


Þórunn Dís Þórunnardóttir


Þróstur Sigurðsson


Helga Björg Helgadóttir


Tómas H. Tómas

